

Á VÍKINGASLÓÐ

*Syrpa af lögum frá Wales
Ljóð: Höskuldur Práinsson*

STRANDHÖGG

Yfir hvíta öldufalda
öslar skip í vestankalda.
Vilja nú í víking halda
vaskir norðanmenn.

Eftir fang við Ægisdætur
ýmsum verður dúrinn sætur.
Mánaskin í skjóli nætur
skímu veitir enn.

Heyrist garg í hrafni.
Hér mun fyrir stafni
fögur strönd og frjósöm lönd
og fram í Óðins nafni!

Nú látum hávær heróp gjalla,
hræðum þessa búandkalla,
rekum þá svo fram til fjalla.
Fellur virkið senn.

Hér skal enginn okkar týnast,
æðruleysið, það er brýnast.
Skulu í hverri sveiflu sýnast
sverðin tvenn og þrenn.

Hlöðum vali væna,
vætum mosann græna
rauðu blóði. Arfar Óðins
öllu fénu ræna.

Við festar skipið bíður bundið,
blaðar öldur lita sundið.
Bát úr fjöru hafa hrundið
hraustir norðanmenn.

HIN MJÚKA MÆR

Ég hef aldrei unnið neitt
en um það verið sekur
að láta aðra annast mig
og elskað værð og dekur.

Nú er allt mitt eðli nýtt
og ástin hefur breytt mér,
því bros þitt hefur heillað mig
og hamingjuna veitt mér.

Dag og nótt mig dreymir þig,
mig dreymir þú sért hjá mér.
Ó, seg mér hvort þitt hjarta heitt
á hita til að ljá mér.

Astin sönn, þú mjúka mær,
er meira en stundargaman.
Hún tengir bæði huga, hönd
og hjörtu okkar saman.

Í LUNDINUM GRÆNA

Í lundinum græna þar lækurinn streymir
í ljósbláu húmi ég geng stundum ein.
Og jafnvel um hábjartan dag þar mig dreymir
í dökkleitum skugga af laufþungri grein.

Í lundinum þessum söng lævirkinn forðum
er læddist ég þangað og atlota naut.
Og blómálfar hvísluðu ástleitnum orðum,
en ástvinur minn er nú horfinn á braut.

ÞÚ LAND MINNA FEDRA

(Pjóðsöngur Walesbúa)
Þú land minna feðra er ég elска og ann
með ættjarðarsöngva og ljóð sem ég kann
og hetjurnar allar sem hurfu á braut
og hnigu í fósturlands skaut.

Wales! Wales! Ég fara vildi ei frá þér
sem ambátt án máls með hlekki um háls
og hér bý ég nú frjáls.